

# LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Alþingi

Erindi nr. P 131/325

komudagur 12. 2004



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Gunnarsholti 30. nóvember 2004

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög, 235. mál

Landgræðsla ríkisins hefur fjallað um ofangreint frumvarp. Í meginatriðum gerir Landgræðslan sömu athugasemdir við frumvarpið og stofnunin gerði í umsögn dags. 5. janúar 2004.

Ljóst er að frumvarpið leggur auknar skyldur á herðar leyfisveitendum, þ.m.t. sveitarfélögum, og er full ástæða til að hafa áhyggjur af því að hallað verði á umhverfissjónarmið við veitingu framkvæmdaleyfa þar sem verulegir efnahagslegir hagsmunir eru í húfi.

Um verulegar fjárhagslega þyngjandi byrðar getur verið að ræða fyrir sveitarfélög þar sem fjalla þarf um margar framkvæmdir en sýnt þykir að sveitarfélög hafa mörg hver ekki faglega burði til að fjalla um umfangsmiklar matsskýrslur. Þau munu því þurfa að kaupa að slíka vinnu.

### 14. gr.

Hér er einnig ítrekað það sjónarmið að eftirlit með því hvort framkvæmd er í samræmi við veitt leyfi þarf að vera skilvirk. Það er mat Landgræðslunnar að á því hafi orðið verulegur misbrestur.


### 19. gr.

Gert er ráð fyrir að fjalla þurfi um matsskyldu nýræktunar skóga á 50 ha svæði eða stærra þar sem ekki eru í gildi skipulagsáætlun. Víða háttar svo til að það er eðlilegur framgangur uppgræðslu að koma á fót kjarri og/eða skógi til að tryggja sjálfbærni gróðurs á viðkomandi svæðum og að verja landið þannig fyrir áföllum s.s. eldgosum. Það er því mat Landgræðslunnar að þar sem uppgræðsla er stunduð, og brýnt að stuðla að kjarrgróðri, að þá falli slíkt undir uppgræðslu sbr. E-lið 1. tölul. 2. viðauka en ekki nýræktun skóga. Þetta þyrfti þó að koma skýrar fram í frumvarpinu og er gerð sú tillaga að í E-lið 1. tölul. 2. viðauka verði orðalagið svo: Uppgræðsla lands á verndarsvæðum þ.m.t. að koma upp skógi og kjarri. Í því sambandi er við hæfi að vísa til 6.gr. núverandi laga um landgræðslu nr.17/1965 þar sem segir: “Þar sem henta þykir, skal kosta kapps um að koma upp skógi og kjarri innan landgræðslugiðringa.”

**22. gr.**

Í lok þessarar greinar er kveðið á um að landgræðslu- og skógræktaráætlanir skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Við þetta er í fæstum tilvikum neitt að athuga en þar sem koma upp neyðartilvik þar sem ráðast þarf í verndaraðgerðir vegna náttúruhamfara, sandfoks eða landbrots fallvatna, án þess að um nauðsyn þess sé getið í skipulagsáætlunum, þá verður að vera fær leið til að grípa tafarlaust til aðgerða. Einnig væri ástæða til að kveða nánar á um samráð við þær stofnanir sem sinna skógrækt og landgræðslu við gerð skipulagsáætlana. Með því eru meiri líkur á að samræmi verði milli geiraáætlana í skógrækt og landgræðslu og annarra skipulagsáætlana. Í dag er undir hælinn lagt hvort t.d. Landgræðsla ríkisins fær skipulagsáætlanir til umsagnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landgræðslu ríkisins



Sveinn Runólfsson,  
landgræðslustjóri.